

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Taktu á móti póstinum þínum í Möppunni

Nú geturðu fengið allan póstinn þinn rafrænt í Möppuna. Enginn pappír og þú getur nálgast póstinn hvar og hvenær sem er.

Virkjaðu Möppuna fyrir 17. júní og þín bíður glaðningur í Möppunni þinni.

- **Þægileg** – Aðgengileg hvar og hvenær sem er
- **Umhverfisvæn** – Pappírslaus póstur
- **Örugg** – Pósturinn er geymdur á öruggu formi
- **Ókeypis** – Þú borgar ekkert fyrir Möppuna
- **Fljótleg** – Pósturinn berst þér samdægurs

Morgunstund gefur gull í (Sig)mund (Davíð)

MONITOR

MÆLIR MEÐ...

FYRIR EYRUN

Gametívi-félagarnir Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jólsson eru nú komnir á bak við hljóðnemana í hljóðveri FM957 á hverjum virkum morgni. Það vantar ekki húmorinn hjá þeim félögum og því upplagt að stilla á þeirra tíðni til að koma sér í girinn fyrir daginn.



FYRIR TÓNLISTARUNNENDUR

Tónlistarhátíðin **Reykjavík Music Mess** mun fara fram í þriðja sinn dagana 24. til 26. maí. Megindagskrá hátíðarinnar mun fara fram á skemmtistaðnum Volta, Tryggvagötu 22. Einnig verður boðið upp á tónleikadagskrá á menningarstaðnum Kex Hostel, en dagkráin þar verður opin öllum almenningi.



DANÍEL, BJARKI OG GUÐMUNDUR HANGA MIKIÐ Í KRINGLUNNI

DANÍEL Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 260687.
Uppáhalds-Fótbæðra-skets: Þegar Jón Gnarr leikur Ella í Árseli.

Uppáhaldsleikari: Robert Webb í Mitchell and Webb.
Sumarlagið í ár: Because I love you með Lenny Williams. Þetta er tileinkað kærustunni.

Frægur útlendingur sem ég er að hugsa um núna: Steve Coogan.

Er um eins og gott strákaband

Á morgun mun **Monitor** frumsýna á vef sínum fyrsta sketsinn af mörgum frá félögunum sem standa á bak við sketsaþáttinn **Punktinn**. **Daníel Grímur Kristjánsson** veit meira um málið.

„Við erum allir virkilega spenntir fyrir þessu og vonum að sjálfsögðu að fólk taki vel í þetta,“ segir Daníel Grímur Kristjánsson en hann og félagar hans, þeir Bjarki Már Jóhannsson, Guðmundur Heiðar Helgason og Sindri Gretars, eru mennirnir á bak við nýjan sketsaþátt sem hefur göngu sína á Monitor-vefnum á morgun, föstudag. Þátturinn gengur undir nafninu Punkturinn og er ætlunin að sínan stök grínatriði nokkrum sinnum í viku.

Einhverjir ættu að kannast við sketsa frá þeim félögum því þetta hefur verið áhugamál þeirra síðan þeir kynntust í Menntaskólanum í Kópavogi fyrir nokkrum árum. „Við kynntumst þar og fundum að við vorum á svipuðum stað í húmornum og ákváðum því að búa til sketsa og setja á netið,“ útskýrir Daníel. Það var svo fyrir um ári síðan að þeir ákváðu að taka þetta fastari tökum og hófu að skrifa sketsa af miklum móð og velja í framhaldinu bestu bitana. „Við skrifuðum mjög mikið síðasta sumar og

tökum sketsana svo upp síðasta haust. Við lumum á urmúl af efni svo ef þetta gengur vel þá erum við klárir í slaginn,“ segir Daníel.

Aðspurður segist Daníel vera með grófasta húmorinn af þeim félögum og því falli það yfirleitt í hans hlut að fara með hlutverkin í þeim sketsum. „Annars erum við eins og gott strákaband. Það er einn góði gaurinn og einn ábyrgi gaurinn. Svo er ég vondri gaurinn og Sindri er bara krípi gaurinn úti í horni,“ útskýrir Daníel í léttum tón en Sindri sér um upptökur og klippingu á meðan að hinir leika í flestum sketsunum.

„Fólk getur átt von á góðu gríni sem stendur tímans tönn. Við tökum okkur ekkert of alvarlega og gerum grín að öllum. Það má samt ekki gera grín að okkur því við erum lítil saklaus blóm og förum bara að gráta ef okkur er strítt,“ segir Daníel og segist hann vona að enginn geri grín að þeim á Dubliners annað kvöld þar sem þeir ætla að halda upp á Monitor-frumsýninguna.

ÞÁ MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Virðum Nickleback

Ég horfði á Billboard tónlistarverðlaunahátíðina á aðfaranótt mándags og skemmti mér bara þó nokkuð vel. Bieber var flottur og svaraði fyrir sig þegar hann vann svokölluð Milestone-verðlaun en Taylor Swift virtist ekki sátt þegar strákurinn kyssti fyrrverandi kærustu sína og vinkonu Swift, Selanu Gomez, á kinnina í eftirpartíinu. Swift smellti bara tungunni út úr sér.

Fleiri listakonur létu sjá sig, að sjálfsögðu, og á meðal þeirra var Avril Lavigne. Það er í raun fátíðlegt að hugsa til þess að hún sé bara einu ári eldri en ég því manni finnst eins og liðin séu þrjátíu ár síðan hún gaf út lög á borð við Sk8er Boi og Complicated. Nema hvað, að Avril, vinkona okkar, mætti virkilega sátt í stíl við eiginmann sinn, Chad Kroeger. Saman sönnuðu þau að það er alltaf veður fyrir leður.

En Chad er auðvitað algjör hetja út af fyrir sig enda frontmaður einnar mest umdeildu hljómsveitar tónlistarsögunnar, Nickleback. Persónulega þekki ég ekki neinn sem filar Nickleback eitthvað sérstaklega, alla vega ekki nógu mikið svo viðkomandi fleygi disknum þeirra

í tækið og hækki í botn. En þó getur það ekki staðist því hún hefur í raun náð alveg fátíðlegum árangri í tónlistarheiminum.

Einhverjum Nickleback-aðdáandanum hlýtur að hafa verið nóg boðið af allri neikvæðu umræðunni sem bandið á það til að fá og tók því saman 10 ástæður fyrir því að virða skuli hljómsveit Chad og félagar.

1. Þeir eru alltaf á vinsældarlistunum.
2. Þeir gerðu rokk og ról „mainstream“.
3. Þeir eru í raun mjög metal.
4. Þeim er í raun alveg sama þó þú hatir þá.
5. Þeir hafa gert myndbönd á síðunni Funny or Die.
6. Listamenn á borð við Chris Martin og Carlos Santana fylla hljómsveitina.
7. Þeir gera mjög mikið fyrir alls kyns góðgerðarmál.
8. Chad Kroeger er snillingur.

Hafi ég einhvern tímann sagt eitthvað slæmt um hljómsveitina dreg ég það umsvifalaust til baka hér og nú því þessar ástæður hljóta að snúa öllum Nickleback-efasemdarmönnum. Þeir eru alveg metal. *Rokk on, John*



BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 6** stelpur sem koma fyrir í Stílnum eru á leið á Beyoncé
- 51** ár er síðan Cardiff spilaði síðast í efstu deild.
- 6** er númerið á nýjustu Fast & Furious myndinni
- 0** stig fékk Ísland frá Albaníu í Eurovision

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lisa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (aug@mbi.is) **Forsíða:** Skapti Hallgrímsson (skapti@mbi.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



VIKAN Á FACEBOOK



Björg Magnúsdóttir
Enn á ný stend ég mig að því að vera komin með hinn rúmenska Cezar á repeat. Þetta er stórkostlegur maður og ekkert annað.
20. maí kl. 15:04



Rurik Gíslason
Ömurleg stemning í Kaupmannahöfn eftir svona klukkutíma!
18. maí kl. 23:56



Friðrik Ómar Hjörleifsson
Norska gellan hefur snúið mér. Bið fyrir bestu kveðjum á gay staðina. Okkar dagar eru taldir.
18. maí kl. 21:02



Saga Garðarsdóttir
Ég skil PC-tölvuna mína mjög oft eftir á glámbekk af botnlausri trú á mannkynið. Ég trúi því ekki að svo smekklaus að vilja stela henni eða það vitlaus að halda að hann geti komið henni í verð OG ég vona að einhver mér velviljaður geri það til að ég þumbist loksins til að elta drauma mína um eplátölvu uppi.
18. maí kl. 12:49



Jóhannes Haukur Jóhannesson
Bæði börnin voru í næturpössun og ég svaf svefni hinna réttlátu. Tíu klukkustundir af ótrufluðum svefni, ég tárast þínu við að skrifa þetta. Frúin er ennþá sofandi eftir að verða 13 tíma legu núna. Hún á rétt á því, enda hefur hallað eilífið á hana í þessum efnum.
18. maí kl. 11:01

www.facebook.com/monitorbladid

Manískur músíkant

Hinn vægast sagt fjölhæfi **Ari Bragi**

Kárason er eflaust massaðasti trompetleikari landsins.

Ef þú þyrftir að titla þig sem eitthvað, hvað myndir þú titla þig sem?

Ég myndi segja að ég sé manískur músíkant.

Þú ert sonur Kára Húnfjörð Einarssonar, lúðrasveitarstjóra og þú byrjaðir tólf ára að læra á trompet eftir að hafa spilað á klarinett frá 6 ára aldri. Eftir að hafa klárað FÍH í jazz og klassík 18 ára fluttir þú til New York. Þar lærðir þú á trompet í The New School for Jazz and Contemporary Music. Hvernig var sá tími?

Það var hrikalega góður tími. Ég dreif mig út eftir að hafa náð mér í þann fjölda eininga hér heima sem samsvarar einingafjölda amerískra krakka sem klára High School. Því gat ég farið 18 ára út. Ég eignaðist fullt af góðum vinum, lærði mikið í tónlistinni og reyndar líka í bóklegu námi og svo náði ég að tileinka mér marga góða síði sem nýtast mér í dag.

Nú ert þú einn besti blásari landsins, Íslandsmeistari í Ólympískum lyftingum, tvöfaldur Íslandsmeistari í róðri, spretthlaupari hjá ÍR og Crossfit-gúru á samning hjá Reebok. Hvernig ferðu að því að brillera í þessu öllu saman?

Ég er ekkert að brillera á einhverjum heimsmælikvarða en mér gengur vel hér á landi á meðal jafningja. Það skiptir bara máli að vera nógu manískur og leyfa sér að fara út fyrir þægindarammann.

Hefur þú þá tíma til að fá þér svo mikið sem eina pylsu?

Ég hef aldrei mikinn dauðan tíma enda finnst mér sá tími ekkert skemmtilegur. Ég keyri líka svolítið á þeirri heimsspeki að sitja ekki mikið auðum höndum. Ef ég er alltaf á tánum því þá eru meiri líkur á því að ég fái samtalið og í framhaldinu giggið. Ég lærði þetta frekar mikið í Bandaríkjunum því þar var hversdagurinn töluvert hraðari en hér. Því held ég mér alltaf uppteknum.

Er ekkert erfitt að spila á trompetinn þegar þú ert kannski búinn að vinna tvöfalt í Íslandsmótinu í róðri?

Jú, það getur stundum verið svolítið trikki. Ég er þessa dagana að reyna að finna jafnvægið á milli tónlistar og íþróttar. Ég hef líka alltaf tekið hlutina mikið í skorpum. Ef ég er mikið í CrossFit í eina viku þá veit ég ekki einu sinni að ég kunni á trompet þá vikuna.

Hvernig kom það til að þú byrjaðir í þessu öllu saman?

Ég hef alltaf verið tiltölulega djarfur þegar kemur að almennri líkamsrækt. Ég var nítján ára þegar frændi minn dró mig á æfingu með sér í World Class á Nesinu. Þá hafði ég aldrei farið í lyftingasal en hélt samt að ég væri í fínu formi. Ég fór á mína fyrstu CrossFit-æfingu þennan dag og ég lá rúmfastur í þrjá daga eftir á. Það kveikti í dýrseðlinu í mér því mér fannst skammarlegt að vera ekki í betra standi. Ég fattaði líka þá að ég er smá með þetta í mér.

Nýjasta æðið hjá þér eru spretthlaupin. Þú byrjaðir þar bara í vetur, ekki satt?

Jú, Kári Steinn, maraþonmeistari og vinur minn, plataði mig á hlaupaæfingu hjá ÍR í vetur. Ég hef alltaf verið fljótur og daginn eftir mína fyrstu æfingu var ég mættur í mót þar sem ég keppti í 60 metra spretthlaupi innanhúss. Þar lenti ég í öðru sæti þó ég væri að keppa gegn héraðsliðum og það kveikti áhugann. Ég er frekar manískur og því langar mig alltaf að taka hlutina alla leið. Spretthlaupið er nýjasta geðveikin hjá mér (hlær).

Af hverju ertu svona ótrúlega massaður?

Ætlar þú í alvöru að púlla þetta (hlær)? Þér finnst ég bara massaður af því að ég spila líka á trompet. Ég hef aldrei farið í ræktarsal og gert einhverjar stækkunaræfingar. Allt sem ég geri er í CrossFitinu eða í Ólympísku lyftingunum. Það hjálpar að taka armbeygjur, upphíftar og þess háttar. En ég held að ég sé bara náttúrulega snöggur að taka við mér í styrkleikanum.

Borðar þú bara hreint protein allan daginn? Hvað borðar þú?

Morgunmaturinn er mikilvægasta máltíð dagsins. Ég er að taka svona sex til sjö egg á morgnana, fjórtíu og eitthvað egg á viku. Það er undirstaðan í næringunni og ég set allt ofan í mig yfir daginn en ég sleppi pasta, brauði og hrísgrjónum. Leyniblandan í eggjunum er að stappa banana, smella eggjunum út í og henda svo kanil út á. Þú hrærir þessu saman og smellir svo blöndunni á pönnuna.

Hvað er framundan?

Það er nóg framundan. Það er mikið að gera í tónlistinni í sumar, bæði hér heima og erlendis. Það verður gaman að spila með Mezzoforte í Hörpu. Ég kom mér upp mjög alþjóðlegu tengslaneti á námsárunum í Bandaríkjunum og því biða mín oft skemmtileg verkefni víða um heim. Ef allt gengur svo að óskum þá væri algjör draumur að geta gefið út plötu með frumsömdu efni í lok sumarsins. Svo hvet ég alla til að kíkja í CrossFit-tíma til mín hér í Reebok.

ARI BRAGI

Fyrstu sex: 090289.

Besti tónlistarmaðurinn: Miles Davis.

Besta lagið: Bohemian Rhapsody.

Besti samspilduddinn: Einar Scheving.



Myndefni: 

ÞETTA GETUR ÞÚ

Framtíð þín byrjar í haust.

Almenn hönnun, fatatæknir, kjólasamur, klæðskurður, listnám, fatahönnun, gull- og silfursmíði, myndlist, hársnyrtiðn, snyrtifræði, margmiðlunarhönnun, vefsmíðar, hreyfimyndagerð, teiknimyndagerð, leiklist, bókband, bókasafnstækni, grafísk miðlun, upplýsinga- og fjölmiðlatækni, ljósmyndun, prentun, tölvufræði, húsasmíði, húsgagnasmíði, húsgagnabólstrun, málaraiðn, múraraiðn, pípulagnir, tækniteikun, veggfóðrun og dúkalögn, sjúkraliði, lyfjatæknir, fótaaðgerðafræði, tanntæknir, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, flugvirkjun, einkaflugmaður, hljódtækni, kvikmyndasýningastjórn, rafeindavirkjun, rafvélavirkjun, rafvirkjun, rafveituvirkjun, blikksmíði, rennismíði, stálsmíði, vélstjórn, vélvirkjun, skipstjórn, bakaraiðn, framreiðsla, kjötiðn, matreiðsla, matartækni, kjötskurður, slátrun, félagsliði, félagsmála- og tólmstundanám, verslunarnám, skrudgarðyrkja, blómaskreytingar, búfræði, leikskólaliði.

PITON / VIA FOGHMET

Starfsmenntun gefur forskot þegar komið er út á vinnumarkaðinn.

Starfsnám á Íslandi er fjölbreytt og nýtist á öllum sviðum atvinnulífsins. Starfsnám er skapandi og skemmtilegt nám. Því fylgja oft alþjóðleg starfsréttindi sem opna möguleika á störfum erlendis. Hugsaðu um sjálfa(n) þig í haust og veldu nám sem veitir ótal tækifæri. Kynntu þér málið nánar á WWW.MENNTAGATT.IS





@hannesi Scandinavia rocks



@bennivals Vinir að eilífu



@asaregins ÞETTA TÓKST !!! HELLAS Í SERIE A !!!! Emil hefur því farið upp um tvær deildir með liðinu á þremur árum



#monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Monitor líka! Er það í tísku að lyfta bikar eða komast upp um deild? Nei, við spyrjum.

Ert þú í Instahring Monitor? Merktu þína mynd með **#monitormynd** og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa á nýja vefsvæðinu okkar, **monitor.is**, auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.



@audunnblondal 2 sköllóttir komnir heim í skagafjörðinn að skemmta!!



@johannastebbasim Helgi Seljan & pizza klikkar ekki!
@katrinbjorkgudjons



@sarabjork18 :)



@sveinbjorganna Við fundum ByeAlex á Celtic Cross #byealex#hungary#esc2013#12stig#viðelskumeurovision#gleði#monitormynd @hrabba100685



@gudpola Cele unistefson No smartphones while eating dinner... @sveinbithorarensen @pedropilatus @tobbaroach @tordurjor @nurplex @jonmundur



@ssigurmansson 2012/2013 men's EHFcup winners Frábær afmælisdagur og afmælisgjöf !! takk fyrir allar kveðjurnar þið eruð yndisleg!! :) @niklaslandin

ALLAR STÖRAR
PIZZUR AF MATSEÐLI
1.390 KR
Pönnupizza: 1.590 kr.
Ef þú sektir, vikuna 20.-26. maí 2013



Domino's[®]



MEGAVIKA



www.dominos.is



sími 58 12345



domino's app



BÆTINGARÁÐ BERGS



Bara svo busy

Helsta afsökun fólks fyrir lítilli hreyfingu er tímaleysi. Lífsstíllinn í dag er mjög hraður og það er nóg um að vera, nóg af hlutum sem hægt er að gera og enda ofar á forgangslistanum.

Ekki detta í þá gryfju að kíkja á æfingu „þegar þú hefur tíma“. Þá mætir þú aldrei. Dagurinn hverfur á örstundu og áður en þú veist af er dagurinn búinn og þú nennir ekki á æfingu. Þú ert líklegast á fullu í skóla eða vinnu, þarft að læra heima, vinna aukavakt, sinna kæró, jafnvel börnunum, taka til, þvo þvottinn, svo ekki sé minnst á að hitta vinina, slappa aðeins af, skjótast á kaffihús, kíkja á djammíð, horfa á uppáhaldspáttinn, spila tölvuleiki, klára að þrjóna peysuna, kíkja á fótboleik eða bara almennt sinna áhugamálinu þínu.

Við erum ótrúlega góð að finna okkur afsakanir. Réttlæta fyrir okkur af hverju það sé betra að byrja á morgun eða þegar „þetta er búið“. Hugsðu hreinskilnislega hversu oft þú treystir þér til að æfa jafnvel þótt þú setjir það í seinasta sæti. Finndu tíma í dagatalinu og haltu þig við hann. Það þarf ekki að vera mikið. Í raun er betra að byrja rólega og halda því út til lengdar. Búa til plan sem þú treystir þér til að halda til frambúðar.

Búðu til tíma fyrir hreyfingu alveg eins og þú býrð til tíma til að hitta vinina, læra heima, slaka á og djamma.

Bergur er fyrrverandi frjálsíþróttakappi og starfar sem ÍAK einkaþjálfari hjá Reebok Fitness. Kynntu þér málið nánar á www.facebook.com/baeting

Bætingaráð Bergs

ÍSL-ENSKUR TEXTI



Robin Thicke - Blurred Lines

And that's why I'm gon' take a good girl

I know you want it (x3)
You're a good girl
Can't let it get past me
You're far from plastic
Talk about getting blasted
I hate these blurred lines
I know you want it (x3)
But you're a good girl
The way you grab me
Must wanna get nasty
Go ahead, get at me

Og það er þess vegna sem ég ætla að taka góða stúlku
Ég veit að þú vilt það
Þú ert góð stúlka
Get ekki látið það fá fortíð mig
Þú ert langt frá plast
Tala um að fá blasted
Ég hata þessar óskýrar línur
Ég veit að þú vilt það
En þú ert góð stelpa
Vegurinn þú grípa mig
Verður vil fá viðbjóðslegur
Fara á undan, fá á mig

Takk, Google Translate

EINTÓM ÞVÆLA



Vá hvað meistari JT ilmar vel

Ég kláraði Candy Crush á 10 dögum og er ýkt sáttur

Söngvarinn fagri, Justin Timberlake, bankaði upp á hjá forsetanum fagra, Barack Obama, til að monta sig smá.

Tístland #TheSimpsons twitter

Það fór líklega ekki framhjá neinum að söguvið síðasta þáttar af The Simpsons var Ísland auk þess sem Sigur Rós samdi tónlist þáttarins. Monitor tók saman nokkur tíst.

Trausti Sigurður @Traustisig

Við tölum ensku með rússneskum hreim samkvæmt Simpsons

Ásta Dagmar @astadagmar

ég er með frábæra hugmynd! koddu meðana.. #simpsons #íslenska #notbad

Dagur B. Eggertsson @Dagurb

Jóhanna í Simpsons. Toppið það! Borgarfulltrúinn var augljóslega stoltur af fyrrverandi flokksleiðtoga sínum og forsætisráðherra.

Anton Örn Rúnarsson @anton280296

þjóðarstolt í gangi #Simpsons

Máni Pétursson @Manipeturs

@ivargud hann er samt ekki í simpsons
Jóhanna 1- Ólafur 0
... skrifaði útvarpsmaðurinn í svári til kollega síns, Ívars Guðmundssonar, sem tísti um forseta lýðveldisins, Ólaf Ragnar.

Alan Bissett @alanbissett

Europe's finest band, Sigur Ros, are going to be on The Simpsons. I shit you not. This is a triumph for great music. „Besta hljómsveit Evrópu, Sigur Rós, verða í Simpsons. Ég er ekki að grínast. Þetta er stórkostlegur sigur fyrir góða tónlist.“ tísti þessi mikli Sigur Rósar-aðdáandi frá Glasgow, Skotlandi.

Kayleigh Anne @Ceilidhann

Okay, the Sigur Ros version of the Simpsons theme is kind of epic. Kayleigh frá Skotlandi tók í sama streng með orðunum: „Ókei, þessi útgáfa Sigur Rósar af Simpsons-laginu er frekar epísk.“



Sabine @Ms_Sabiine

Simpsons, Sigur Ros and Iceland. What else can you wish for in one episode (: Sabine frá Lettlandi sagðist ekki getað óskað sér neitt betra í einum Simpsons-þætti en Ísland og Sigur Rós.

Colleen @honey_power

Fun Fact: Sigur Ros has produced more songs for the Simpsons than any other band. Colleen frá Bandaríkjunum benti á þá skemmtilegu staðreynd að Sigur Rós hefur framleitt fleiri lög fyrir Simpsons en nokkur önnur hljómsveit í heiminum.

utah r. harker @his_panic

Watched the Simpsons for the first time in years -- they went to Iceland & Sigur Ros was in a crowd scene. Now I wanna go to Iceland too. Umræddur þáttur gæti mögulega skilað einhverjum gjaldyri inn í landið ef marka má tíst Utah R. frá New York, sem segist vilja koma til Íslands eftir að hafa horft á þáttinn.

Scott Ludwig @scottielud

I would never thought I would see and hear Sigur Ros on The Simpsons Sumir voru þó bara hissa yfir þessu

öllu saman, eins og Scott Ludwig frá Boston, sem skrifaði: „Aldrei bjóst ég við sjá og heyra í Sigur Rós í The Simpsons.“

[En svo voru sumir bara alls ekkert sáttir við þáttinn...]

Einar Matthías @BabuEMK

Simpson á Íslandi var frekar slapp, eins og kannski aðrir Simpsons þættir.

Atli Fannar @atlifannar

Var ekki um það bil allt gott við íslenska Simpsons-þáttinn nema þátturinn?

Phil Wrede @PhilWrede

I love you, Sigur Ros, but like everything else Simpsons-related the last 10 years, your score for last night episode was... disappointing. Phil frá Bandaríkjunum sagðist elska Sigur Rós en tónlistin olli honum vonbrigðum í þetta sinn, rétt eins og Simpsons-þættirnir hafa gert síðastliðin tíu ár, að hans mati.

Ryan McCaughey @McCaugheyRyan

The Simpsons is so awful now, not even Sigur Ros can redeem it Ryan var á því að Simpsons-þættirnir væru orðnir svo ómurlegir að ekki einu sinni Sigur Rós gæti bjargað þeim.

FRASAKÓNGARNIR

Klifurmús

Stundum finnst manni sumir ekki með þetta. Ef viðkomandi afsannar það og sannar sig smám saman er hann kallaður klifurmús því hann hækkar í áltiti hjá manni.

Dæmi: „Fyrst þegar Ellert kom í bekkinn hélt ég að hann væri algjör jólaþjappi en svo vex hann bara nokkuð vel á mig.“ „Já, gæinn er búinn að vera þvilik klifurmús undanfarið.“

Í hverri viku munu frasakóngarnir Brynjar Ásgeir og Viktor Örn kenna okkur nýjustu frasana og orðin svo við getum verið fersk í umræðunni hverju sinni.



VIKTOR OG BRYNJAR ERU ALLTAF SLAKIR Á KANTI



10

leiðir til að hljóma eins og þú sért með stjórnmálin á hreinu

Það skiptir svo litlu máli hvað þú segir þegar stjórnmálin ber á góma. Dragðu hökuna að hálsinum, settu upp háðslegan svip og sláðu um þig með útvöldum frósum í boði Monitor.

1 „JÁ, DJÖFULL SÖKKAR FJÁRLAGAHALLINN MAÐUR.“

2 „KVÓTAKERFI? ÖLLU HELDUR ÞRJÓTAKERFI HAHAAAA.“

3 „OG HVAR ERU VÖPFLURNAR FYRIR FÓLKID Í LANDINU ÉG BARA SPYR?“

4 „VAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEITID KANNSKI BARA GLUGGASKRAUT?“

5 „ÞAD ER ALVEG LJÓST AD TIL AD AUKA HAGVÖXT PARF AD AUKA HAG OG VÖXT.“

6 „HANN HATAR EKKI HEIMILIN HANN SIGMUNDUR.“

7 „AD VERA EDA EKKI VERA MEDLIMUR AF ESB... PARF EITTHVAD AD RÆDA ÞAD?“

8 „JÓHANNA MARÍA VAR EINMITT AD SENDA MÉR SNAPCHAT UM ÞETTA.“

9 „FUSS, SÁ ER NÚ ÞRÚTINN AF VERÐBÓLGU.“

10 „JÁ FINNST ÞÉR HÚN ORÐIN FULL STÓR IDJAN?“



VÍSINDAVEFURINN

Af hverju hlær maður þegar einhver kitlar mann?

Margir telja að viðbrögð fólks við kitli, svo sem að kippast til og frá, séu nokkurs konar varnarviðbrögð, svipað og þegar kýr og fleiri dýr kippast við til að verjast ásókn flugna og annarra kvikinda.

Þetta skýrir samt ekki af hverju fólk hlær þegar það er kitlað. Samkvæmt sumum vísindamönnum hlæjum við þegar við erum kitluð vegna þess að við upplifum kitlið sem gerviárás. Þannig er fólk líklegra til að hlæja þegar einhver sem það þekkir reynir að kitla það heldur en ef einhver ókunnugur reynir slíkt hið sama.

ONLY®

BOLUR
1990
PEYSA
3990



NÝJAR VÖRUR VIKULEGA

Bolur 4500



Jakki 10900



Buxur 7990



Blússa 6500



Blússa 3990



Gallajakki 5990



Bolur 4500



Stuttbuxur 3490



Bolur 3990



Pils 1990



VERO MODA®

Kringlan • Smáralind • [facebook.com/veromodaiceland](https://www.facebook.com/veromodaiceland)

Fjölskyldan hefur aldrei verið

skjánægðari

Vertu
með í sumrinu
595 6000
www.skjarinn.is



PIKATIBA • SÍA • 131985

Lekker
dagskrá
í allt sumar

*Mob Doctor
Elementary
NYC 22
House of Lies
Leverage
Hawaii Five-0
The Biggest Loser
The Voice
CSI: New York
Common Law
Blue Bloods
Psych
Unforgettable*

Sumargjöf SkjásEins



15 frímyndir

Áskrifendur SkjásEins fá frímynd í hverri viku í allt sumar.
Nýja mynd má nálgast alla mánudaga í SkjáFrelsi og á
skjarinn.is þar sem þú getur horft á dagskrá SkjásEins hvar
sem er og hvenær sem er.

ÓTRÚLEGT!



SKJAREINN

Kominn tími til að koma landsliðinu á kortið

Aron Einar Gunnarsson er með helling af tattúum sem snúast öll um fjölskylduna. Hann ræddi við **Monitor** um toppinn á ferlinum til þessa, ábyrgð landsliðsfyrirliða og uppnefnið „Tölvi“.



Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Ég var að koma úr borgarferð til New York með kærustunni minni.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Ég fór á Kaffi Torg á Glerártorgi og fékk mér hreindýrasteik.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég horfði á Stolen með Nicolas Cage sem var virkilega góð.



Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Ég keypti mér þrjá bolí og gallabuxur í New York.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti *vænt* um hann: Ég á enga minningu um að hafa grátíð á fótboltavelli en ég var nálægt því að gráta af gleði um daginn þegar við komumst upp (í úrvalsdeild).



að slaka vel á milli æfinga og leikja og var ekkert mikið að fara út á lífið eða neitt slíkt. Ég held að það hafi skilað sér vel, ég komst upp með liðinu og fékk nýjan samning.

Segðu satt, stundar þú það að spila FIFA og stýra „sjálfum þér“ í tölvuleikjunum?

Nei, ég geri ekkert af því og ég myndi alveg vera hreinskilinn ef ég stundaði þetta. Ég spilaði tölvuleiki mikið áður, var alltaf í Call of Duty fyrir tveimur árum, en núna hef ég lagt Playstation-fjarstýringuna á hilluna og eyði ekki tíma í það lengur. Ég var líka mikið í Counter Strike þegar ég var yngri og var kallaður Tölvi af bræðrum mínum. Þetta var svo sem ekkert þannig að íþróttaverillinn hafi verið í hættu hjá mér, en ég sat samt alveg fastur við tölvustólinn klukkutímum saman.

„Jæja, nú ríf ég mig úr að ofan og missi mig í gleðinni.“

Þið Emmsjé Gauti eruð vinir og bregður þér meðal annars fyrir í tónlistarmyndbandi með honum við lagið Gleymmérei. Erúð þið æskuvinir?

Nei, svo sem ekki. Það er nú ekkert svo langt síðan við kynntumst. Hann spilaði síðan í afmælinu mínu fyrir nokkrum árum og upp frá því höfum við verið fínir félagar. Ég er virkilega mikið fyrir íslenskt hipphopp, fylgdist mikið með Skyttunum áður fyrr og hef haft mjög gaman af því að fylgjast með lögunum hans Gauta.

Ég geri ráð fyrir að þig hafi dreymt um að verða atvinnumaður í fótbolta frá því þú varst lítill og í dag ert þú að upplifa þann draum. Hefur allt verið eins og þú bjóst við og staðist allar væntingar?

Já, í rauninni. Reyndar dreymdi mig kannski ekkert um þetta þegar ég var yngri. Ég var bara ungur þjakkur sem var ekkert að velta framtíðinni mikið fyrir sér. Ég fann ekki fyrir neinni pressu frá foreldrum eða neinu slíku um hvað ég ætti að gera þegar ég yrði stór og þetta kom í raun bara til þegar ég fékk tilboð um að fara til Hollands að æfa þegar ég var 16 ára. Það sem hefur reynst mikilvægast í þessu er að eiga sterka fjölskyldu sem hefur staðið við bakið á mér, bæði þegar vel hefur gengið og illa. Ég hef alltaf nefnt það við stráka sem eru yngri en ég og eru að stíga sín fyrstu skref að það sé ekkert grín að flytja einn til útlanda þar sem þú þekkir engan. Þú færð ekkert upp í hendurnar og átt allt í einu að fara að spila fyrir framan 20.000 manns sem hafa allir skoðun á því hvernig þú spilar. Eftir að ég lærði að takast á við þetta hef ég auðvitað komist að því að þetta er besta vinna sem ég gæti mögulega verið í. Ég hef virkilega gaman af þessu, annars væri ég löngu kominn heim aftur.

Hvert stefnir þú héðan í frá?

Núna er ég á þeim stað að ég er nýbúinn að komast upp í úrvalsdeild sem hefur verið markmið mitt síðastliðin fimm ár svo maður þarf að setja sér ný markmið. Ég geri það þegar nær dregur næsta tímabili. Ég ætla að gera sem mest úr þeim tækifærum sem ég hef fengið og skapað mér og stefnan er klárlega sett á það að spila með þeim bestu eins lengi og ég get.

Ég hef til dæmis verið kallaður „fitubolla“ en þá fer maður nú eiginlega bara að hlæja. Ég hef stundum bara snúið mér við og rífið upp bolinn og sýnt magann til að svara þessu liði.

SMÁA LETRIÐ

KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Gladiator.

Myndin sem ég væli yfir: Engin, held alltaf að ég sé svo harður þannig að ég græt aldrei yfir myndum.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Hangover 1 og Dumb and Dumber.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Lá yfir Tomma og Jenna og líka Múmínálfunum þegar ég var yngri.

Versta mynd sem ég hef séð: The Watch er átakanleg.



TÓNLIST

Lagið í upphaldi þessa stundina: Can't Hold Us með Macklemore.

Lagið sem kemur mér alltaf í gott skap: Ég geri það sem ég vil með Skyttunum.

Lagið sem ég fíla í laumi: Pour It Up með Rihönnu vinkonu minni.

Lagið sem ég syng í karóki: Hef aldrei sungið í karóki og geri ekki ráð fyrir að gera það á næstunni.

Nostalgíulagið: Örkin hans Nóa með Skyttunum tekur mig til baka og minnir mig á hluti sem ég er og hélt að ég væri búinn að gleyma.



FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Lambalæri hjá mömmu og pabba.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Sem betur fer er ég það heppinn að vera alltaf í formi þannig að þessi hugsun hefur aldrei dottið inn.

Versti matur sem ég hef smakkað: Ég get ekki tómata en annars er ég nú ekki matvandur.

Líkamsræktin mín: Ég er virkur í ræktinni þegar ég kem í sumarfrí enda er maður eiginlega aldrei í fríi en þar geri ég ýmislegt.

Stoltasta augnablikið á íþróttaverlinum mínum: Að fara upp með Cardiff var yndislegt og klárlega mín stærsta stund.





Notað'ann eins og þú hatir hann



Samsung
GALAXY XCOVER 2

Bráðsnjall sími sem er kröftugri en gengur og gerist!

Öflugur snjallsími í kröftugum umbúðum. Xcover 2 er með stóran snertiskjá, Android 4.1.2 stýrikerfi, 5MP myndavél og að sjálfsgöðu íslenska valmynd. Einnig er síminn með IP67 staðal sem þýðir að hann sé bæði vatns- og rykvarinn. Galaxy Xcover 2 er fullkominn sími fyrir krefjandi aðstæður og því tilvalinn fyrir íslenskt veðurfar.

SAMSUNG



Gífurleg tilhlökkun að sjá poppdrottninguna



JAKKI: ZARA TRAFALUC
SKYRTA: FOREVER 21
TOPPUR: NASTYGAL
STUTTBUXUR: TOPSHOP
SKÓR: GS

BIRGITTA LÍF

Fullt nafn: Birgitta Líf Björnsdóttir
Fyrstu sex: 191092
Staða: Lögfræðinemi í HR, danskennari í World Class og flugfreyja hjá Icelandair í sumar.
Upphaldslag með Beyoncé: Love on Top

Elska báðar glimmer

Hvers vegna ákvaðst þú að skella þér á Beyoncé-tónleika? Beyoncé hefur alltaf verið í uppáhaldi og þegar tónleikaferðalagið var auglýst kom ekki annað til greina en að fara og sjá hana.

Hvar ert þú að fara á tónleikana og með hverjum? Ég er að fara í Köben með stórum vinkunuhópi.

Hverju ert þú spenntust fyrir að sjá? Ég er langspenntust fyrir að sjá dansana en svo er ég líka spennt að sjá búningana, „showið“ og Queen B sjálfa.

Hvers vegna valdir þú þetta tónleikadress? Við B eigum það sameiginlegt að elska glimmer og glamúr og ég valdi dress sem mér líður vel í og get tekið sporið í með henni á tónleikunum.

Hvað er mikilvægast að hafa með sér á tónleikana? Þægilega skó, létt hliðartösku fyrir símann og aðrar nauðsynjar, vinkunurnar og góða skapið.

Ef hún hættir við tónleikana mun ég: Reyna að gera gott úr kvöldinu og plana svo nýja ferð á tónleika með henni!

Fer með sjö frekar frábærum stelpum

Hvers vegna ákvaðst þú að skella þér á Beyoncé-tónleika? Smá hópprýstingur. Sama dag og ég kom heim frá Köben keyptu bestu vinkonur mínar sér miða á tónleikana og ég gat ekki hugsað mér að fara ekki með.

Hvar ert þú að fara á tónleikana og með hverjum? Er að fara á þá í Kaupmannahöfn með sjö frekar frábærum stelpum.

Hverju ert þú spenntust fyrir að sjá? Ætli það sé ekki Love On Top og I Was Here, sviðsmyndin við I Was Here er svo flott.

Hvers vegna valdir þú þetta tónleikadress? Ég veit það eiginlega ekki. Þetta gæti verið þægilegt. Það kæmi mér heldur ekkert mjög mikið á óvart ef ég væri allt í einu í Converse-skóm á tónleikunum. Ekki láta ykkur bregða. Djók.

Hvað er mikilvægast að hafa með sér á tónleikana? Bestu vinkonur sínar og góða skapið. Góða tösku kannski líka. Það er líka sterkur leikur að hafa með sér linsur, ef maður þarf svoleiðis.

Ef hún hættir við tónleikana mun ég: Fara að gráta, smá, það er í lagi. Síðan myndi ég fara á næsta bar og byrja að baktala hana.



SKYRTA: WEEKDAY
HÁLSMEN: H&M
STUTTBUXUR: TOPSHOP
SKÓR: SCORETT
TASKA: ÁHLÉNS

ÞÓRDÍS SARA

Fullt nafn: Þórdís Sara Ársælsdóttir
Fyrstu sex í kennitölu: 110291
Staða: Verkfræðinemi
Upphaldslag með Beyoncé: Love On Top kemur mér alltaf í gott skap.



SKÓR: GS SKÓR
BUXUR: GINA TRICOT
NETABOLUR: NOSTALGÍA
JAKKI: H&M

RAGNHEIÐUR

Fullt nafn: Ragnheiður Guðnadóttir
Fyrstu sex: 261190
Staða: Er í lögfræði og er flugfreyja hjá Icelandair á sumrin
Upphaldslag með Beyoncé: Þau eru ansi mörg, verð samt að segja Halo

Spenntust fyrir að sjá svipinn á kærastanum

Hvers vegna ákvaðst þú að skella þér á Beyoncé-tónleika? Það hefur lengi verið draumur og svo á ég svo vini sem búa úti og fleiri góðir vinir voru að fara þannig að þetta var ekki spurning!

Hvar ertu að fara á tónleikana og með hverjum? Í Köben með kærastanum mínum og nokkrum góðum vinum.

Hverju ert þú spenntust fyrir að sjá? Svipinn á kærastanum ef hún tekur Listen, uppáhaldslagið hans. Ég held það komi gleðitár.

Hvers vegna valdir þú þetta tónleikadress? Mig langar aðallega að vera í einhverju þægilegu og þá sérstaklega í þægilegum skóm. Ég vil geta dansað nóg.

Hvað er mikilvægast að hafa með sér á tónleikana? Mikilvægast að hafa myndavélina með sér eða síma með myndavél svo maður ná mynd af drottningunni og stemningunni!

Ef hún hættir við tónleikana mun ég: Verða virkilega svekt en ekki reið samt, gæti ekki orðið reið út í Beyoncé.



Eins og flestum er kunnugt er poppdrottningin **Beyoncé Knowles** nú í miðju tónleikaferðalagi sínu, *The Mrs. Carter Show* og ferðast hún víðsvegar um heiminn.

Margir ástsjúkir aðdáendur nýta sér þetta tækifæri og fljúga til hinna ýmsu landa til að sjá drottninguna stíga á svið. **Stillinn** hitti á nokkra þeirra, spurði út í tónleikana og tilhlökkunina og fékk að sjá tónleikadressin.



Mun tryllast sama hvað

Hvers vegna ákvaðst þú að skella þér á Beyoncé-tónleika? Tónleikar eru alltaf góð skemmtun, en tónleikar með Beyoncé væru „beyond“ góð skemmtun.

Hvar ert þú að fara á tónleikana og með hverjum? Kaupmannahöfn með öllum mínum bestu vinkonum.

Hverju ert þú spenntust fyrir að sjá? Myndi segja að ég væri spenntust fyrir öllu því sem kemur á óvart. Lögin hef ég svona flest öll heyrt, svo sýningin í heild sinni, dansarnir og án gríns hárið hennar. Það er aldrei eins.

Hvers vegna valdir þú þetta tónleikadress? Því mér fannst það bara vel við hæfi. Þægindin eru alltaf svolítið í fyrirrúmi, kannski þess vegna sem ég valdi gallabuxur og bol. Tala nú ekki um hvað Buffaló-skórnir eru mikil snilld fyrir okkur smáfólkið.

Hvað er mikilvægast að hafa með sér á tónleikana? MAC varalit, bros á vör og söngtextana á hreinu, fyrir þá sem vilja syngja með mér. Svo er alltaf mikilvægt að vera með ósýnilegu kórónuna, þetta eru nú einu sinni Queen B-tónleikar.

Ef hún hættir við tónleikana mun ég: Hvort sem þeir verða eða verða ekki, þá mun ég tryllast. Meiningin á bak við þann trylling væri bara kannski ekki sá sami.



JAKKI: GALLERÍ 17
TOPPUR: ZARA
EYRNALOKKAR: ZARA
BUXUR: H&M
SKÓR: KEYPTIR Í LONDON
TASKA: GIVENCHY

RAKEL

Fullt nafn: Rakel Matthea Dofradóttir
Fyrstu sex: 030991
Staða: Ég starfa sem Fashion Editor hjá NUDE magazine og í bókhaldsfjöri hjá Suðuverk ásamt því að vera förðunarfræðingur þegar tími gefst
Upphaldslag með Beyoncé: Í dag er það lagið End of Time



LEDDARI: DEBENHAMS
BLÓMABUXUR: FOREVER 21
SKÓR: 67
BOLUR: WEEKDAY
HÁLSMEN: WEEKDAY

SARA BJÖRK

Fullt nafn: Sara Björk Þorsteinsdóttir
Fyrstu sex: 061191
Staða: Vinn hjá MAC Debenhams
Upphaldslag með Beyoncé? Crazy in love með þeim turtildúfum eða skötuþjúum, hvað sem það nú þýðir.



SKÓR: COS Í PARÍS
BUXUR: DR. DENIM
BOLUR: GINA TRICOT
JAKKI: TOPSHOP

ÞÓRUNN

Fullt nafn: Þórunn Káradóttir
Fyrstu sex: 080391
Staða: Laganemi í Háskóla Íslands
Upphaldslag með Beyoncé: Þetta er eins og að velja á milli barnanna sinna, ekki hægt.

Snapchat er nauðsyn

Hvers vegna ákvaðst þú að skella þér á Beyoncé-tónleika? Ég á hrikalega skemmtilegar vinkonur, Beyoncé-tónleikar eru drauma og Kaupmannahöfn er upphaldsborgin mín. Þessi þrenna gerði það að verkum að ég stóðst ekki mátið að fara.

Hvar ert þú að fara á tónleikana og með hverjum? Við erum átta vinkonur sem ætlum saman á tónleikana í Köben.

Hverju ert þú spenntust fyrir að sjá? Ég hlakka mest til að sjá í hverju hún verður.

Hvers vegna valdir þú þetta tónleikadress? Það er bæði þægilegt og partívent á sama tíma. Fyrir utan það er ég sjúk í strigaskó og myndi aldrei höndla það að standa á hælum alla tónleikana.

Hvað er mikilvægast að hafa með sér á tónleikana? Síma ... Snapchat er „crucial“!

Ef hún hættir við tónleikana mun ég: Kaupa mér kampavín og syngja Beyoncé-lög í karóki.

Mikilvægast að hafa vel hvíld raddbönd og danssko

Hvers vegna ákvaðst þú að skella þér á Beyoncé-tónleika? Frétti að Frikki Dór væri að fara og ákvað að slá til.

Hvar ert þú að fara á tónleikana og með hverjum? Er að fara í Köben með nokkrum vel völdum vinkonum.

Hverju ert þú spenntust fyrir að sjá? Öruglega að sjá hana sjálfa dansa „live“, held líka að Run the World verði geðveikt.

Hvers vegna valdir þú þetta tónleikadress? Mikilvægt að vera í einhverju léttu og þægilegu svo maður geti dansað. Síðan skelli ég mér í þægilega hæla svo ég sjái nú eitthvað.

Hvað er mikilvægast að hafa með sér á tónleikana? Dansskóna og vel hvíld raddbönd.

Ef hún hættir við tónleikana mun ég: Gráta.

Í sambúð með Seinfeld

Stundum getum við horft svo mikið á **sjónvarpsþætti** að við teljum okkur geta treyst persónunum

LENDI Í SLAG



MEÐ

Hér leitast ég eftir einhverjum sterkum, hættulegum harðjaxli, sem er helst með sérfræðiþekkingu í bardaga-íþróttum. Það eru margir sem koma til greina hér. *Tony Soprano* (*The Sopranos*) er grjótharður og hættulegur þannig að það eru fáir sem myndu leggja í hann. En ef til slagsmála kæmi þá gætu aukakílóin sett strik í reikninginn þar sem ógnun hans felst helst í samfélagslegri stöðu hans. *Jax* (*Sons of Anarchy*) er alinn upp í hörðum heimi og hefur sannað að hann getur framreitt hnúasamlökur. Hann er samt ekkert ofurmenni, heldur bara venjulegur nagli og með réttu höggi frá andstæðingnum gæti ég staðið einn eftir og þurft að splæsa í nokkur hringspörk. Gallinn er að ég kann ekki almennilega að taka hringspark. Terry Crews leikur *Julius* (*Everybody hates Chris*). Hann er heljarmenni að burðum og hefur sannað sig í kvikmyndum en persónan Julius er ekkert að fara að ljúka máluum þó svo hann sé svona massaður. Aðrir sem koma til greina eru hinn granítharði *Burrows* (*Prison Break*), eilífi *Omar* (*The Wire*) og spillti fermetrinn *Vic Mckay* (*Shield*). Allt góðir menn en eiga ekki séns í mitt val, mann mannanna. Ég á að sjálfsgöðu við **Jack Bauer** (24). Hann hefur sannað trekk í trekk að hann getur barist við ofurefli með ofurefli. Ekkert getur stoppað hann og smá slagur væri afslöppun fyrir hann.



EKKI MEÐ

Nokkur nöfn koma í hugann. Ég held það yrði mér ekki til tekna að hafa *Chandler* (*Friends*) með mér í slag. Eftir síundurtekið bögg stigu hann og Ross upp en hann var aldrei líklegur til að skipta sköpum og endaði með að slasa sig á sippubandi. Ég hef enga ástæðu til að ætla honum betri frammistöðu með mér. *Sheldon Cooper* (*Big Bang Theory*) yrði alveg hræðilegur í slagsmálum og myndi gera slæmt verra með viturlegri athugasemd um *Medulla oblongata* árársarmannanna. Sá sem ég myndi samt sist vilja hafa með mér í slagsmálum er **Niles Crane** (*Fraiser*). Hann er prinsipp herramaður og myndi eflaust stíga upp ef það hallaði á hlut dömu sem er virðingarvert. Vandamálið er samt að hann býr ekki yfir neinum mann-kostum sem kæmu sér vel í slagsmálum. Styrkleiki og hreysti rímar ekki við Niles á meðan föður og renglulegur snobbari er nærri lagi.

LENDI Í ORÐABÖGGI



MEÐ

Í nánast öllum sjónvarpsþáttum er einhver óraunverulega orðheppin persóna. Það kemur sér vel fyrir mig og úr nógu að velja. Álitlegur félagi hér yrði *Ari Gold* (*Entourage*), granítharður umboðsmaður sem bókstaflega étur andstæðinga sína. Vandamálið er að hann er fullskapbráður og gæti misst vitsmunalegu yfirburðina vegna æsings. *Bob Loblaw* (*Arrested Development*) yrði mjög góður í að kæfa allt orðabögg með hraðri orðanotkun og málaflækjum með þeim afleiðingum að skilja hina eftir orðlausa, ráðvillta en því miður ekki úrræðalausa. Samskipti með honum væru líkleg til að enda í slagsmálum því hann er ekkert svo ógnandi í framkomu og við yrðum líklega bara lamdir. *Jeff Winger* (*Community*), *Gloria* (*Modern Family*), *David Lee* (*The Good Wife*) og *Hank Moody* (*Californication*) yrðu mjög góð herna en það er einn sem stendur upp úr að mínu mati. Það er **Harvey Spector** (*Suits*). Hann gæti hugsanlega ekki verið svalari, vinnur við að stinga ofan í stærstu hákarlana og hann er nokkuð ógnandi í framkomu þannig að ef spennustigið færi yfir í dýrahvatimar þá væri hann alveg tilbúinn í þá baráttu.



EKKI MEÐ

Ted (*Scrubs*) hefur verið brotinn niður andlega í áráraðir og á ekki mikla mótstöðu eftir í sér. Hann á líka til að frjósa á staðnum og koma ekki upp orði og í þau fáu skipti sem hann svarar fyrir sig segir hann bara „bing“. *Rachel* (*Friends*) yrði ekki góð í þessum aðstæðum þar sem hún fer að gráta þegar hún er skömmuð fyrir smávægilega hluti eins og að henda pizzakassa á rangan stað. Gráturinn gæti samt vakið samúð en ég er ekki tilbúinn að leggja peninginn minn á samúðina. Ég væri samt sem áður sist til í að taka **Buster** (*Arrested Development*) með mér hér því við minnstu ógnun leggst hann í jörðina og rúllar sér upp í kúlu. Það gæti verið gott ef andstæðingarnir hefðu góðan húnur en það er ekki áhætta sem ég tek.

LEIGJA MEÐ



MEÐ

Ég hefði ekkert á móti því að leigja með *J.D.* (*Scrubs*), hann er skemmtilegur, á fína vini og það er alltaf gott að hafa lækni á staðnum. Svo get ég séð að það væri ekki leiðinlegt að geta deilt fataskáp með *Carrie* (*Sex and the City*) fyrir stelpur. Hins vegar vel ég **Jerry Seinfeld** (*Seinfeld*), hann býr yfir öllum þeim kostum sem ég leita eftir í meðleigjanda. Hann leggur mikið upp úr hreinlæti þannig að íbúðin okkar myndi líta vel út. Hann þénar vel þannig að það yrði aldrei vesen að fá hans hluta leigunnar og hann er mjög nettur á því. Svo eru vinir hans líka skemmtilegir og yrðu tíðir gestir á heimili okkar þannig að draumurinn um Superman- og peysutóluspjall með honum og George myndi rætast.



EKKI MEÐ

Það eru þó nokkrar persónur sem ég gæti ekki hugsað mér að leigja með. *Ross* (*Friends*) leggur fullmikla áherslu á næði og myndi breyta símsvarakveðjum án þess að ráðfæra sig við mig. *Alan Harper* (*Two and a Half Men*) býr ekki yfir neinum kosti sem prýða góðan sambýling, hann borgar ekki leigu, snikir mikið og er heilt yfir leiðinlegur gaur. Eins mikið og ég elska *Kenny Powers* (*Eastbound and Down*) þá yrði hann hræðilegur meðleigjandi. Óþrifnaður, yfirgangur og kæruleysi væri lýsandi fyrir þá sambúð. En það er einn sem trónir efst á lista hjá mér í þessum flokki. Það er **Ted Mosby** (*HIMYM*). Þó svo hann búi yfir mörgum kostum eins og að þéna ágætlega og eiga mjög skemmtilega vini þá er hann bara svo hræðilega leiðinlegur. Ég gæti ekki hugsað mér að hlusta daglega á enn eitt vælið um að hann vilji finna hina einu réttu og eiga svona ást eins Marshall og Lily.

Þó svo skilin milli raunveruleikans og sjónvarpsþátta séu skýr þá kemst ég ekki frá því að mynda tilfinningabönd við persónur uppáhaldsþáttanna minna. **Joey (Friends)** er t.d. vinalegur gæi og mér þykir vænt um persónuna á meðan ég þoli ekki **Ted Mosby (HIMYM)** og endalausa vælið í honum. Ósvikni þessara tilfinninga má eflaust rekja til þess að við sem horfum mikið á þætti höfum eytt meiri tíma með þessum persónum en mörgum kunningjum okkar. Þó er mikilvægt að draga skýr mörk milli sýndarheims og lífsins því ég þekki dæmi um íslenskan strák sem lendir reglulega í böggi og svívirðingum þegar hann fer út á lífið því hann er svo líkur **Joffrey (Game of Thrones)**. Vegna þessara sterku tengsla sem við áhorfendur myndum langar mig að velta fyrir mér hvaða sjónvarpsþáttapersónur ég myndi vilja/ekki vilja hafa með mér í ýmsum aðstæðum sem við mætum í daglega lífinu.



WINGMAN


OPNA SKEMMTISTAÐ

FELA LÍK



MEÐ

Barney (HIMYM) er augljóst val hérna. Hann er hugmyndaríkur, metnaðarfullur og framtakssamur á þessum vígvelli. Gallinn er samt að hugmyndir okkar á þessum vettvangi samhæfast ekki. Einnig myndi hann ekki hika við að stinga undan mér ef það hentaði honum líkt og hann gerði við Ted í tilfelli stúlkunnar frá Líbanon. Annar góður Maverick væri **Joey (Friends)**. Færni hans á þessu sviði sannaði hann með Tag og hann er líka skemmtilegur gaur. **Vincent Chase (Entourage)** myndi líka tryggja góðan kvóta í formi umframflæðis en til að vera smá sniðugur ætla ég að velja **Rex (Kommissar Rex)**. Hundar bræða, það er bara þannig.



EKKI MEÐ

Tobias Funke (Arrested Development) yrði hræðilegur samstarfsfélagi hérna. Einstaklega óheillandi maður sem gæti tekið upp á hverju sem er. Strákarnir í **Workaholics** eru líka glataðir í þessum bransa en mitt val er **Raj Koothrappali (Big Bang Theory)**. Þó svo fatastillinn hans myndi virka ágætlega í hipster-menningunni hérna þá kemur það sér mjög illa að geta ekki talað við stelpur nema undir áhrifum. Hann er vandræðalega klaufalegur og eykur ekki við heildarpakka tvíeykisins sem við myndum.



MEÐ

Það er nú ekki gúrktíð að geta valið sér hvaða persónu sem er úr sjónvarpsþáttum þegar kemur að því að opna skemmtistað enda mikið af fagfólki á skjánum. **Samantha Jones (Sex and the City)** er augljós kostur hér. Hún vinnur við P.R., vinkona hennar gæti skrifað um staðinn í blöðunum og hún yrði skemmtilegur samstarfsfélagi. **Jack Donaghy (30 Rock)** er líka mjög góður valmöguleiki í þennan flokk, hann hefur aðgang að fjármagni, er tengdur í viðskiptalífið og stjórn málin svo hann gæti reidda góðri staðsetningu fyrir staðinn. Hann er samt frekar upptekinn þannig að ég þyrfti eiginlega að sjá um allt þannig að ég geymi hann. Það er samt einn sem ég væri mikið til í að vinna með hér og það er **Turtle (Entourage)**. Hann hefur mikið fram að færa í svona verkefni. Besti vinur hans er stærsta kvikmyndastjarna í heimi þannig að fjármagn og kynning væri alls ekki vandamál. Turtle er líka framtakssamur, þráir að sanna sig og í hléum gætum við spilað FIFA.



EKKI MEÐ

GOB (Arrested Development) yrði hræðilegur samstarfsfélagi í svona verkefni. Hann myndi krefjast þess að vera með töfraþema, er hvatvís, myndi eyða öllu fjármagninu í eitthvað bull og það er erfitt að treysta honum. Augljósa valið hér er **Charlie (It's Always Sunny in Philadelphia)**. Hann er óábyrgur, óhreinn, andfúll og býr ekki yfir neinum kostum í verkefnið fyrir utan smá reynslu af svona rekstri. Sá sem ég vel samt hér er **Georg Bjarnfreðarson (Vaktirnar)**. Þrátt fyrir 5 háskólagráður tengist engin þeirra rekstri fyrirtækja. Það yrði rosalega erfitt að starfa með honum, hann er þver og þrjóskur, kæmi ekki með fjármagn inn í fyrirtækið og hefur engin sambönd til að koma staðnum á framfæri. Georg Bjarnfreðarson er frábær persóna til að fylgjast með í u.þ.b. 12 mínútur á vikufresti í smátíma en það er ekki á mann leggjandi að umbera hann lengur en það.



MEÐ

Walter White (Breaking Bad) gæti staðið sig vel hér. Hann hefur sannað sig úrræðagóðan og einmitt leyst aðstæður af þessu tagi án þess að það komst upp um hann. Hann gerði það samt ekki án vandræðna þar sem hann gerði gat í hús. **Monica Geller (Friends)** gæti líka verið góð í þessum aðstæðum, hún er hreinleg og myndi þ.a.l. ekki skilja eftir DNA. Einnig er hún góður vinur og myndi því ekki kjafta í lögregluna. Það sem veldur mér samt hugarangri með Monicu er að hún gat ekki einu sinni falið kúlu á Ben Rossion. Einn aðili er samt svo augljós í þetta hlutverk að það er eiginlega leiðinlegt að nefna hann en ég vel hann samt. Það er **Dexter Morgan (Dexter)**. Hann býr yfir mikilli sérfræðipækkingu um glæpavettvanga, hefur mikla reynslu á þessu sviði og þagmælska er ekki vandamál. Eina vandamálið er að hann gæti snúist gegn þér ef líkið er ekki af einhverjum ódæðismanni.



EKKI MEÐ

Þessi umræða var tekin í **Seinfeld**. Þar gerði Kramer það dagljóst að hann myndi ekki taka þátt í svona á meðan George var sannur vinur og sagðist myndu fela lík með Jerry án spurninga. Ég hugsa samt að **George Costanza** yrði ekki alls ekki gott val í þetta ábyrgðarfulla og streituvaldandi verkefni. Hann myndi hiklaust fara á taugum, ofhuga allt ferlið, brotna niður og senda lögregluna á mig til þess að bjarga sjálfum sér.

"Ride or die"
(Fast & Furious 6)

KVIKMYND

Keyrum þetta í gang

Það verður að segjast eins og er að gangandi inn á sjöttu Fast and Furious-myndina var ég ekki beint með vasana fulla af væntingum. Síðustu myndir höfðu ekki náð flugi og virtist sem serían væri komin í hálfgeft þrot hvað varðar gæði og afþreyingu. Stundum er það þó þannig að þegar á botninn er komið þá er eina leiðin upp og má með sanni segja að Fast 6 hafi sprengt sig á toppinn.

Sagan hefst þar sem síðasta mynd kláraðist og er teymið hans Dom (Vin Diesel) allt komið í helgan stein. Þ.e. þangað til Hobbs útsendari (The Rock) bankar upp á og þarf á hópnum að halda til að klófesta einn alræmdasta glæpamann samtímans. Eins og í raunveruleikanum er ekki nóg að senda hóp af þau-



þjálfuðum laganna vörðum til að klófesta glæpasnilling heldur þarf að sjálfsgöðu á fyrirverandi glæpamönnum og bílaköllum að halda til að ljúka verkinu.

Fast 6 er óraunsæ, fyrirsjáanleg og klisjukennd en það skiptir bara engu andskotans máli af því hún er svo ótrúlega skemmtileg. Allir í leikarahópnum hafa sitt hlutverk og spila það eftir hundarinnar kúnstum;

FAST & FURIOUS 6



FAST & FURIOUS


HJÁLMAR KARLSSON

MMMMM

The Rock er harðhausinn með kímniáfu, Tyrese Gibson er fyndni svarti maðurinn, Sung

Kang er rólegur og vitur Asiúbúi og svona halda staðalmyndirnar áfram að sjokkera og gleða fram eftir öllu.

Kvikmyndin sem slík er þræl-skemmtileg, smekktull af húmor og sýnir hraðskreiða og öfgafulla bíla framkvæma ótrúleg brögð á malbikinu. Þú munt kannski ekki ganga í augun á fólki í finu matarboði með menningarlegum tilvitnunum úr þessari mynd en þú munt hinsvegar hafa skemmt þér stórvel og geta hent í rándýrar línur næst þegar þú hittir félagana. Ride or die.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Fast & Furious 6

Dom og Brian hafa unnið sér inn 100 milljónir dollara eftir verkefni þeirra í Ríó. Meðlimir ökuhópsins eru eftirlýstir og lifa því í útlegð vítt og breitt um heiminn. Á meðan hefur Hobbs verið á höttunum eftir öðrum ökuhóp í tólf löndum, en meðlimir hans eru snjallir og skeinuhættir málaliðar sem selja þjónustu sína hæstbjóðanda. Leiðtogi málaliðanna og heilinn á bak við starfsemi hans er Owen Shaw, og hægri hönd hans og sérlegur aðstoðarmaður hans er engin önnur en Letty, fyrirverandi ástkona Doms. Eina leiðin til að stöðva glæpahópinn er að mæta honum á götum úti, og Hobbs biður því Dom að safna saman teymi sínu í London. Fyrir þjónustu sína fá Dom og meðlimir hópsins fulla náðun svo þau geti farið aftur heim til fjölskyldna sinna.

Leikstjóri: Justin Lin.
Aðalhlutverk: Jason Statham, Dwayne Johnson, Vin Diesel, Paul Walker og Michelle Rodriguez.
Lengd: 130 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smára-bíó, Háskólabíó, Borgarbíó og Sambíóin Álfabakka og Egilshöll.



TÖLVULEIKUR



Metro Last Night
MMMMM
Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 16+
Útgefandi: Deep Silver
Dómar: 9 af 10 - Gamespot, 7,2 af 10 - IGN.com, 7 af 10 - Eurogamer.net

Löng undirgöng

Ein mesta ógn mannkyns er ef kjarnorkuvopn myndu leika lausum hala og yrði skotið vítt og breitt um heiminn. Þetta er ástandið í heimi Metro Last Light sem var að detta inn, en hér er á ferðinni skotleikur þar sem leikmenn þurfa að hrista í felum í lestarkerfi neðanjarðar á meðan kjarnorkuvetur gengur yfir Moskvu.

Leikmenn fara í hlutverk Artyom, en hann var einnig aðalsöguhetjan í fyrri Metro-leiknum eða Metro 2033. Borgin er uppfyll af illum kvikindum sem hafa stökkbreyst í kjölfar kjarnorkunnar og þarf okkar maður að tryggja að þeim sé öllum eytt og koma á friði á ný. Reyndar er Artyom andlega tengdur illmenninum og er því í innri baráttu við sjálfan sig þegar hann bögglast við að eyða þeim.

Hér er á ferðinni fyrstu persónu skotleikur þar sem leikmenn þurfa að leiða lið sitt í gegnum söguþráð sem spannar meira en 10 klukkutíma og segir mjög spennandi og grjótharða sögu.

Helsti galli Metro Last Light er gervigreindin, en hún sýnir litla miskunn og er það sérstaklega áberandi þegar leikmenn lenda í skotbardögum við aðrar mannverur. En til að forðast þetta geta leikmenn læðst um í myrkum svæðum leiksins og tekið alla niður á hljóðlegan hátt.



Leikurinn hefur marga kosti sem liggja fyrst og fremst í spilun leiksins sem er með gott flæði og er einnig gríðarlega fjölbreytt. Grafikin í leiknum er mjög flott og stendur PC útgáfan þar fremst. Auk þess er hljóð og tónlist leiksins mjög vel útfærð, en hljóðin gera mikið til að skapa draugalega og spennandi stemmingu sem leikurinn er stútfullur af.

Það er gaman þegar geggjadir leikir eins og þessi detta hreinlega eins og kjarnorkufyllt þruma úr heiðskíru lofti og fá mann til að trúa því að það sé til guð ... og hann elskar tölvuleiki.



ÓLAFUR ÞÓR JOELSSON

Scandiphone
Retro borðsími.
9.990 kr.

MyAmp
iPod hátalari/magnari.
4.990 kr.

Karissón
Víniplötuklúkkja.
6.990 kr.

Emergency Bowtie
Þverslaufa.
1.490 kr.

Retro Cover
iPhone hülstur og standur.
2.900 kr.

Pickmaster
Gerðu þínar eigin gítarpegjur.
4.500 kr.

HETTUPEYSUR OG GJAFAVARA Í ÚRVALI

American Apparel
Hettupeysur.
8.900 kr.

American Apparel
Hettupeysur.
8.900 kr.

American Apparel
Hettupeysur.
8.900 kr.

DOGMA

SMÁRALIND - LAUGAVEGUR 32 - WWW.DOGMA.IS



RAFMAGNS- OG TÖLVUVERKFRÆÐI



EFNAFRÆÐI



UMHVERFIS- OG BYGGINGARVERKFRÆÐI



IÐNAÐAR- OG VÉLAVERKFRÆÐI



EDLISFRÆÐI



TÖLVUNARFRÆÐI

Spennandi nám

sem gefur þér mikla framtíðarmöguleika



LANDFRÆÐI



JARÐVÍSINDI



LÍFFRÆÐI



STÆRÐFRÆÐI



FERÐAMÁLAFRÆÐI

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands býður fjölbreytt og krefjandi nám

Kynntu þér námsleiðir sem opna ótal starfsmöguleika.
Skráðu þig í nám sem skapar atvinnu og nýja þekkingu.

Skoðuðu hvað útskrifaðir nemendur hafa um námið
að segja á von.hi.is/nam.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Freyr Arnason
monitor@monitor.is

„Heilagur“ Kanye veldur usla

Freyr Arnason skoðar furðuleg og sláandi plötuumslög



Kanye West, sá mikli snillingur er kominn aftur á flug. Fyrir helgi frumflutti hann nýjasta lag sitt *New Slaves* og í stað þess að gera það í útvarpi eða sjónvarpi var því varpað á 66 risabyggingum í jafn mörgum borgum á sama tíma. Nýja platan sem kemur út 18. júní ber heitið *Yeezus* sem er skrumskaeling á Jesus og Yeezy, sem er nafn sem Hr. West gengur oft undir. Titillinn á plötunni ásamt laginu *I am a God* hafa orðið til þess að ekki eru allir á eitt sáttir með manninn. Að því tilefni tók ég saman lista yfir plötur og plötuumslög sem á einhverjum tíma hafa vakið athygli, umtal og oftar en ekki hneykslan.

KANYE WEST

Titill: YEEZUS

Fyrsta lag: New Slaves

Útgáfudagur: 18. júní

Útgáfufyrirtæki: Def Jam

Háskólanám erlendis

á sviði skapandi greina

ENGLAND • SKOTLAND • ÍTALÍA • SPÁNN

Nemum í alþjóðlegum fagháskólum gefst einstakt tækifæri til að kynna stöðug hugmynda, með stefnum og straumum víða að úr heiminum.

Í boði er hagnýtt nám, sem sameinar frumkvæði, hugmyndir og tækni og er í góðum tengslum við alþjóðleg fyrirtæki.

Nemendur hafa aðgang að vel búnum rannsóknar- og vinnustofum og kennarar eru reyndir sérfræðingar á sínu sviði.

Háskólanám erlendis í hönnun, listum, miðlun, stjórnun, eða tísku opnar einnig möguleika á að hitta „réttu“ fólk og komast áfram á alþjóðlegum markaði.

Amar Ingi Viðarsson er „Talent Alumni“ frá Istituto Europeo di Design (IED) í Barcelona. Hann útskrifaðist úr listrænni stjórnun 2012 og borgaryfirvöld keyptu lokaverkefni hópsins sem hann var í, en það fólst í alhliða kynningu fyrir menningarhús í Gracia hverfinu í Barcelona. „Útskriftarverkefni ganga út á að hanna vörumerki, einkenni og ímynd, prent, sjónvarps og umhverfisauðglýsingar, vefsíður, innanhúshönnun, merkingar, fjárhags- og samskiptaáætlun.“



„Allt þetta er gert eftir mikla rannsóknarvinnu og skapandi hönnunarstarf.“

„Í skólanum eru nemar víða að úr heiminum, allir eru opnir og hafa mikið fram að færa, svo það verður til mikil og skapandi orka í þessum kringumstæðum.“

„Þetta er ekki eitthvað sem þú lærir, þú þarft að upplifa það, til að þroskast og þróast.“
Amar Ingi starfar í dag hjá auðglýsingastofunni Martín+Tissera+Lambert í Barcelona.



ROGER WATERS

The Pros and Cons of Hitch Hiking (1984)

Klámkynslóðin hlær sig líklegast í svefn að þessu en á sínum tíma þótti umslagið á þessari plötu argasti viðbjóður.



ALICE COOPER

Love It to Death (1971)

Þetta „cover“ vakti ekki bara hneykslan heldur gengu menn svo langt að banna það. Af hverju? Því Vincent Fernier er með þumalinn út um buxnaklaufina svo hann lítur út eins og limur.



SWAMP DOGG

Rat On (1971)

Mýrarhundurinn með gjörsamlega eitt sturlaðasta „cover“, listamanns-nafn og plötuheiti. Ég hef ekki notið þess heiðurs að hlusta á þessa RnB-plötu en ef hún er eitthvað í ætt við „art workið“ þá er nokkuð ljóst að um klassík er að ræða.



MILLIE JACKSON

Back to the Shit (1989)

Oft talað um versta plötu-„cover“ allra tíma. Ótrúlegt en satt er um að ræða hjartahlýja RnB-plötu með ástarsögnum sem eiga fátt sameiginlegt með konu að rembast á klósettinu.



APEX TWIN

Windowlicker (1999)

Þetta er náttúrulega alveg sturluð plata en umslagið vakti mikla athygli. Ef einhver er að þæla af hverju þá ætti myndin að útskýra sig sjálf. Undarleg með öllu.



THE FIVE KEYS

On Stage! (1957)

Hér á árum áður voru menn greinilega með limi á heilanum. Þessi plata var bönnuð þar sem bandarískar húsmæður voru handvissar um að ein handanna á myndinni væri einmitt kynfæri karlmanns. Eitthvað virðist hafa vantað upp á kynfræðslu á þessum árum því eins og glöggir lesendur sjá eru engin kynfæri á þessari mynd.



THE COUP

Party Music (2001)


Mánuði áður en tvíburatumarnir hrundu kom þessi plata út. Sem hlýtur að teljast fánleg tilviljun. Boots Riley, forspraki sveitarinnar barðist þó fyrir því að halda myndinni eftir hryðjuverkaárásirnar enda frábær auðglýsing á sinn hátt þó ég geti trúað því að platan hafi ekki farið í metsölu í Suðurríkjum Bandaríkjanna það árið.



THE BEATLES

Yesterday and Today (1966)

Bítlarnir voru myndir. Á þessu „coveri“ eru þeir skælbrosandi, búnir að slátra nokkrum börnum og það fór ekki vel í menn í plötubransanum svo tekin var sú ákvörðun að skipta myndinni út áður en platan færi í sölu. Verra var þó að búið væri að pressa 750.000 eintök af plötunni og í stað þess að henda því upplagi var önnur mynd sett yfir. Það kom þó ekki í veg fyrir að fólk fór að taka myndina af og stóð þá eftir þessi forsíða.



KEVIN ROWLAND

My Beauty (1999)

Ekki þó bróðir Kelly Rowland. Engu að síður ein af undarlegri ákvörðunum sem teknar hafa verið innan tónlistarbransans. Á sínum tíma vakti platan litla athygli, seldist í heilum 500 eintökum og stuttu fyrir útgáfu dró Bruce Springsteen til baka leyfi sitt fyrir því að eitt laga hans væri notað á plötunni.



#monitormynd

Ert þú í Instahring Monitor?

Merktu þína mynd með **#monitormynd**
og vertu með í gleðinni.

Myndirnar birtast sjálfkrafa á nýja vefsvæðinu okkar, **monitor.is**,
auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning
því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.

MONITOR

„Kennslan í Háskólanum í Reykjavík er góð og persónuleg og kennararnir hjálplegir við nemendur. Ég tel að námið muni nýtast mér vel í framtíðinni.“

Signý Rún Pétursdóttir
Stúdent frá MS 2012
Nemi í viðskiptafræði

VELKOMIN Í HR

FRAMSÆKINN ALÞJÓÐLEGAN HÁSKÓLA

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



www.hr.is